



# Birgis Ísl. Gunnarssonar: Bréf og skýrsla varðandi ferð til Danmerkur og Svíþjóðar 14.-23. september 1964

---

Bjarni Benediktsson – Stjórn­mál – Forsætisráð­herra – Birgir Ísleifur Gunnarsson – Þingkosningar í  
Danmörku og Svíþjóð – Skipulag útbreiðslustarfse­mi á Norðurlöndunum

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórn­málamaðurinn  
Askja 2-, Örk

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**BIRGIR ÍSL. GUNNARSSON**

— HÉRAÐSDÓMSLÖGMAÐUR —

- Lækjargata 6B II. hæð -

- Sími 20628 -


Reykjavík, 20. október 1964.

Hr. forsætisráðherra  
Bjarni Benediktsson  
Stjórnarráðshúsinu  
Reykjavík.

Sendi hér með skýrslu mína um ferð til Danmerkur og Svíþjóðar dagana 14.-23. september s.l. til að fylgjast með undirbúningi þingkosninganna þar.

Ég hef þegar gefið munnlega skýrslu um ferðalag mitt á fundi skipulagsnefndar, en þetta er eina eintakið af skýrslunni, sem farið hefur út. Samkvæmt ósk Birgis Kjara, formanns skipulagsnefndar mun ég ekki láta fleiri eintök af hendi, fyrr en ákvörðun hefur verið tekin um það, hvernig með hana skulifara.

Virðingarfyllt

  
Birgir Ísl. Gunnarsson.

Skýrsla um ferðalag til Danmerkur og  
Svíþjóðar í tilefni þingkosninga þar.

Dagana 14. - 23. september s.l. ferðaðist ég til Kaupmannahafnar og Stokkhólms. Tilgangur ferðarinnar var að kynnst starfi stjórnmalaflokka með tilliti til þeirra þingkosninga, er fram fóru í Svíþjóð 20. september s.l. og í Danmörku 22. september s.l. Ferðinni var þannig háttað, að 15.-17. september dvaldist ég í Kaupmannahöfn, þ. 18. september í Stokkhólmi og síðan aftur í Kaupmannahöfn fram yfir kosningar þar. Kaus ég þannig að leggja aðaláherzlu á að fylgjast með kosningunum í Danmörku, þar sem ég taldi, að þar væri um harðari kosningar að ræða og borgara-flokkarnir þar myndu reyna til hins ítrasta að hnekkja meirihluta ríkisstjórnarinnar í Danmörku.

Áður en ég fór að heiman hafði verið skrifað til "Det Konservative Folkeparti" í Danmörku og beðið um fyrirgreiðslu þeirra. Var hún fúslega veitt undir forystu aðalfræmkvæmdastjóra flokksins Mogens Olsen. Móttökur allar voru mjög höfðinglegar af hálfu starfsmanna og forystumanna flokksins og allt gert til að setja mig inn í gang mála þar. Í Svíþjóð komst ég í samband við aðalfræmkvæmdastjóra "Högerpartiet", Nils Helström að nafni. Kom hann mér síðan í samband við starfsmenn hinna ýmsu deilda flokksins.

Þau atriði í kosningabaráttunni, sem ég lagði mig einkum eftir, voru tengd við útbreiðslu og áróðursstarfsemi, þ.e. hvaðeina, sem gert var í þeim tilgangi að ná sambandi við kjósendur, bæði hinar efnislegu aðferðir svo og hvernig slíkt starf er skipulagt. Þá reyndi ég enn fremur að kynnst nýjungum í sjálfu flokksstarfinu og í starfi flokksfélaga, sem hugsanlega kynni að koma að gagni hér á landi. Hinsvegar lagði ég mig minna eftir starfinu á sjálfan kjördag og undirbúningi þess,

enda er það starf framkvæmt á svo sérstæðan hátt hér á landi og yfirleitt í svo góðu lagi, að sennilega getum við lítið sótt í þeim efnum út fyrir landssteinana.

Hér fer á eftir skýrsla um það, hvers ég varð áskynja í ferðinni. Verður fjallað jöfnum höndum um bæði löndin og þess getið, þar sem það á við, hvað helzt skildi á milli í framkvæmd kosningabaráttunnar í Svíþjóð og Danmörku.

### I. Skipulag útbreiðslustarfsemi flokkanna.

Sérstakar deildir innan flokkanna annast undirbúning og skipulagningu áróðursins. Starfsmenn þeirra leggja línurnar í áróðrinum í samstarfi við forystumenn flokksins og frambjóðendur. Þeir sjá um, að fullt samræmi haldist. Þeir annast gerð "plakata", bæklinga, auglýsinga, undirbúa sjónvarpsdagskrár, sjá dagblöðum flokkanna fyrir efni og hugmyndum í greinar og senda fréttatilkynningar til annarra blaða. Í stuttu máli sagt, þá halda þessar upplýsingamiðstöðvar flokkanna öllum þráðum áróðursins í sinni hendi.

Ég átti þess kost að kynnast nokkuð ítarlega starfsemi þeirrar deildar innan "Det Konservative Folkeparti", er annast þetta hlutverk, með viðtölum við forstöðumann deildarinnar redaktör Ebbe Salomonsen.

Aðsetur þessarar deildar "Informations og Pressetjenesten" er í þinghúsinu, Christiansborg, þar sem hún starfar í nánum tengslum við þingmenn flokksins. Aðalverkefni hennar eru sem hér segir:

1. Aðstoð við þingmenn, rannsóknir einstakra mála fyrir þá og upplýsingastarfsemi fyrir þingmennina.
2. Annast samband við blöðin, sjá þeim fyrir upplýsingum um starfsemi og stefnu flokksins.
3. Annast skipulagningu áróðurs flokksins.

Í sambandi við þessa deild er safn blaða og tímarita, sem þingmenn og aðrir forystumenn flokksins eiga aðgang að.

Starfsemi þessa annast þrír menn, sem allir eru blaðamenn. Var mér tjáð, að því réði tilviljun ein og væri reyndar æskilegt að hafa hagfræðing til starfa hjá þessari stofnun flokksins.

Það er athyglisvert, að þessi stofnun starfar í nánunng tengslum við auglýsingafyrirtæki, sem hafa tekið að sér að útbúa ýmsa þætti áróðursins aðallega auglýsingar, bæklinga og "plaköt".

## II. Áróðurstækin.

Áður en vikið verður að einstökum áróðurstækjum, er rétt að fara nokkrum orðum almennt um áróðurinn og þær breytingar, sem þar hafa orðið á síðustu ár. Um sjónvarpið verður fjallað í sérstökum þætti hér á eftir, en segja má, að sjónvarpið leiki orðið aðalhlutverk í kosningabaráttunni, sérstaklega í Svíþjóð. Bæklingar og slík rit virðist vera á undanhaldi. "Det Konservative Folkeparti" í Danmörku eyðir jafnmiklu fjármagni í bæklinga og áður, en öll fjármagnsaukning fer til annarra hluta, þ.e. hlutfallslega fer minna fjármagn til bæklingaútgáfu en áður. Hinsvegar er miklu fjármagni varið til dagblaðaauglýsinga, þar sem áherzla er lögð á myndir eða teikningar og stutta texta. Tilhneygingin er í átt til minna lesmáls, en aukinna mynda og teikninga, sem grípa fljótt huga hins almenna kjósanda.

Þá hefur þess orðið greinilega vart nú, að meiri áherzla er lögð á persónur en áður. Um áhrif þess eru ekki allir sam- mála og ég hittir t.d. menn í Danmörku, sem töldu, að fara bæri mjög varlega í að setja persónur á oddinn frammar sjálfum flokknun og stefnu hans. Þó var gengið lengra í þessu í Danmörku en nokkru sinni áður. "Plaköt" með stórum myndum af frambjóð- endum hengu víða og útbúið var stórt "plakat" með myndum af

þremur forystumönnum danska íhaldsflokksins, sem sent var um allt land, svo og "plakat" með yngsta frambjóðanda flokksins og annað með kvenna-leiðtoga flokksins og var þeim dreift um allt landið. Auk þess voru útbúin "plaköt" með frambjóðendum viðkomandi kjördæma, sem send voru þangað.

Sósíaldemókratar í Danmörku hafa mjög farið inn á þessa braut og lögð er mikil áherzla á forsætisráðherann, Jens Otto Kragh og fjölskyldu hans.

Í Svíþjóð hefur þróunin og stefnt í þessa átt og þar virtist mér sósíaldemókratar hafa forystuna, en hægri flokkurinn hefur farið sér hægt í þessum efnum. Í Stokkhólmi voru mjög áberandi stór auglýsingaskilti með myndum af Tage Erlander.

Sú tilhneyging að leggja stöðugt meiri áherzlu á persónur er vegna áhrifa frá Þýskalandi og Ameríku. Þeir, sem telja þessa leið áhrifaríka til áróðurs segja sem svo: "Hinn almenni kjósandi vill frekar kjósa einhverja persónu, sem hann ber traust til, en einhvern flokk eða ópersónulegan lista. Fólkið vill hugsa og móta sér skoðanir í gegnum einhvern forystumann, sem það treystir".

Verð ur nú vikið að einstökum áróðurstækjum og notkun þeirra:

a. Bæklingar. Svo sem fyrr segir er magn bæklinga og kostnaður við þá mjög svipaður og verið hefur við undanfarandi kosningar. Bæklingunum má aðallega skipta í tvo flokka: 1) Bæklingar ætlaðir til fræðslu fyrir frambjóðendur, blaðamenn og aðra þá, sem útkreiða vilja stefnu flokksins. Bæði íhaldsflokkurinn í Danmörku og hægri flokkurinn í Svíþjóð gáfu út allmyndarleg rit, sem frekar mega kallast bækur en bæklingar, þar sem stefna flokksins í flestum eða öllum málaflokkum er skýrð. Ég tók með mér eintök af báðum þessum bókum, ef þær gætu orðið til leiðbeiningar við gerð samsvarandi rita, er Sjálfstæðisflokkurinn hefur gert úr garði fyrir kosningar.

2) Bæklingar, sem ætlaðir eru til dreifingar meðal almennings, þ.e. hreinir áróðursbæklingar. Ég tók með mér heim töluvert magn af slíkum bæklingum, sem rétt er að geyma til að vinna úr þeim hugmyndir, þegar bæklingaútgáfa stendur fyrir dyrum hjá okkur.

Það sem mér fannst athyglisverðast við bæklingaútgáfu í Dámörku er það, að þeir útbjuggu nokkra bæklinga, sem ætlaðir voru sérstaklega fyrir ákveðna hópa í þjóðfélaginu og voru slíkir bæklingar þá gjarnan sendir til kjósenda persónulega með pósti. Sem dæmi um slíka bæklinga má nefna: Tvíblöðung, sem sendur var til allra þeirra, er kusu í fyrsta sinn, en tala þeirra var að þessu sinni, um 400 þúsund. Bækling, sem sendur var til kvenkjósenda, þar sem sérstaklega voru kynntir kvenframbjóðendur með myndum, stuttum æviágripum og tilvitnun úr ræðu eða blaðagrein hveðrar konu, sem kynnt var. Þar voru og rædd sérstök áhugamál kvenna, þá má nefna bækling, sem sendur var til smákaupmanna og smáidnrekenda, þar sem áhugamál þeirra voru rædd ásamt áskorun frá formönnum viðkomandi félags-samtaka til allra, er slíkan atvinnurekstur stunduðu, að kjósa íhaldsflokkinn. Þá var gefinn út bæklingur, sem sendur var öllum þeim, er eiga eigin íbúðarhús eða íbúð, sem þeir búa í. Fleiri slík dæmi mætti nefna og virtist mér, að meiri áherzla væri lögð á útgáfu slíkra bæklinga, sem skírskotuðu til ákveðinna hópa, frekar en almenna bæklinga, er ná skyldu til allra. Þó voru slíkir bæklingar einnig gefnir út.

Almennt einkenni áróðursbæklinganna var: Stutt samþjappað lesmál, en áherzla lögð á myndir og teikningar. Bæklingar þessi voru yfirleitt útbúnir af auglýsingastofnunum.

Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að í Svíþjóð voru fregniðar all mikið notaðir. Var það á þann hátt, að morgunin eftir kappræður í sjónvarpi eða útvarpi var dreift á vinnustaði fregniðum (prentaðir í tveim litum), þar sem slegið var upp einhverjum veikum punktum úr ræðum andstæðinganna og það síðan borið saman við stefnu hægri flokksins. Þetta

var gert í mjög stuttu máli og skýru. Athuganir, sem gerðar voru af þeirri stofnun, er annast skoðanakannanir í Svíþjóð, sýndu, að efni þessara fregniðna, var aðalumsræðuefni á vinnustöðum þá daga, sem miðunum var dreift. Þessi niðurstaða var hægri flokknum hvöt til að leggja áherslu á þessa starfsemi og á þennan hátt töldu þeir sig geta beint umræðum almennings að þeim málaflokkum, sem þeir vildu þá daga, sem fregniðunum var dreift.

b. "Plaköt" (Auglýsingaspjöld). Auglýsingaspjöld voru mjög mikið notuð í kosningabaráttunni í báðum löndunum. Hjá íhaldsflokknum í Danmörku voru spjöld þessi gerð hjá auglýsingafyrirtækjum, en hjá hægri flokknum í Svíþjóð voru spjöldin unnin á skrifstofum flokksins. Ég hafði með heim mér töluvert margar gerðar af slíkum auglýsingaspjöldum, sem vinna mætti úr hugmyndir.

Um spjöld þessi er almennt það að segja, að myndir af frambjóðendum eru nokkuð áberandi svo sem fyrr segir. Þá er enn fremur mikið notað "sjálflýsandi efni", sem endurvarpa ljósi í myrkri. Var mér tjáð, að nú væri til komin ný tækni, er auðveldaði prentun slíkra "sjálflýsandi" auglýsingaspjalda, þannig að kostnaður við gerð þeirra væri ekki eins mikill og áður.

Auglýsingaspjöld þessi voru hengd mjög víða. Flokkarnir hafa gert með sér samkomulag um notkun þeirra, byrja t.d. ekki að hengja upp fyrr en á ákveðnum tíma fyrir kosningar. Auk þess að hengja spjöldin á ljósastaura, auða veggi o.s.frv., þá keyptu flokkarnir upp auglýsingakassa og aðra staði, þar sem unnt er að koma slíkum auglýsingum fyrir gegn gjaldi. Þá leigði danski íhaldsflokkurinn stóra sendaferðabíla síðustu 2 daga fyrir kosningar og á kosningadaginn og voru "plaköt" hengd utan á bílana, sem síðan óku um götur og vegi.

Þá má og nefna í þessu sambandi, að víða voru strengdir borðar yfir götur, eins og tíðkast hefur hér, en hinsvegar voru borðar þeir, sem notaðir voru í Kaupm.h. og



Stokkh. fjölbreyttari að gerð en hér tíðkast.

c. Auglýsingar. Það sem teljast má til nýjunga í áróðurskapphlaupi stjórnmálaflokkanna í Danmörku, var hin mikla auglýsingaherferð, sem rekin var í dagblöðum og vikublöðum. Upphaf þess má rekja til þjóðaratkvæðagreiðslunnar, er fram fór í Danmörku á s.l. ári. Hún var ákveðin með tiltölulega stuttum fyrirvara og því lítil tími til verulegs kosningaundirbúnings. Danski íhaldsflokkurinn tók því það ráð að nota mestan hluta þess fjármagns, sem þeir höfðu yfir að ráða til að auglýsa í dagblöðum og vikublöðum. Hinn góði árangur, sem náðist í þeim kosningum var af mörgum þakkaður þessari miklu auglýsingaherferð, sem þá var rekin. Það varð til þess nú, að allir flokkar beittu þessari baráttuaðferð í mjög ríkum mæli. Hjá danska íhaldsflokknum voru auglýsingarnar unnar hjá auglýsingastofum og er í þeim að finna ýmsar góðar hugmyndir, sem nota má enn fremur í bæklinga eða auglýsingaskilti. Ég tók með mér allmörg sýnishorn slíkra auglýsinga.

Þess má geta, að íhaldsflokkurinn danski eyddi í þennan þátt áróðursins á aðra milljón d.kr., en heildarkostnaður þeirra við kosningabaráttuna nam ca. 5 millj. d.kr.

d. Annað. Áður en skilist er við áróðurstækni og vikið verður að sjónvarpinu og útvarpinu er rétt að geta þess, að auk þessara áróðurstækja, sem að ofan eru greind, var ýmislegt annað útbúið, t.d. merki ýmskonar, eldspýtustokkar, límniðar, merki til að setja á umslög o.fl. slíkt. Tók ég með mér sýnishorn af slíkum varningi.

Kvikmyndir eru ekki notaðar til áróðurs í Danmörku, nema þær, sem útbúnar eru fyrir sjónvarpið. Er það í samræmi við gamalt samkomulag á milli flokkanna.

### III. Sjónvarp.

Svo sem fyrr segir virðist sjónvarpið vera að ná yfirhöndinni, sem aðaltæki stjórnmálaflokkanna til að ná sambandi við kjósendur.

Í Svíþjóð komu fulltrúar frá hverjum stjórnmálaflokki fram fimm sinnum í sjónvarpi, ýmist í kappræðum (debat) eða hverjum flokki var úthlutað ákveðinn tími, sem hann mátti nota eftir vild til að kynna stefnu sína. Mér var tjáð í Svíþjóð, að sjónvarpið væri í þann mund að leysa stjórnmálafundina af hólmi.

Mikil vinna er lögð í að undirbúa þessar sjónvarpssendingar. Hægri flokkurinn í Svíþjóð hefur frá því á s.l. vetri starfrækt sérstakan sjónvarpsskóla fyrir sína forystumenn og aðra þá, sem koma fram í sjónvarpinu á þeirra vegum. Hafa þeir leigt sér sérstakt sjónvarps-"studio", þar sem æfingar hafa farið fram undir stjórn sérfróðra manna. Þar hafa upptökur verið æðar, þar hafa áhorfendur verið til staðar til að gagnrýna og auk þess hafa þátttakendur sjálfir getað horft á sjálfan sig á sjónvarpstjaldinu og þannig getað fágað framkomu sína. Auk forystumanna flokksins, sem að sjálfsögðu verða að taka þátt í sjónvarps-kappræðum, hefur flokkurinn komið sér upp hópi manna, sem hafa gott sjónvarps-útlit og koma þeir fram í þeim kynningarþáttum, sem flokkurinn hefur haft í sjónvarpinu. létu menn mjög vel yfir árangrinum af þessum sjónvarpsskóla. Rétt er að geta þess, að allir þeir, er fram komu í sjónvarpinu á vegum flokkanna voru farðaðir (sminkaðir).

Ég átti þess kost að fylgjast með lokasennunni í sjónvarpinu sænska, en þar leiddu saman hesta sína aðalforystumenn flokkanna. Voru þær kappræður mun meira lifandi og skemmtilegri á að hlýða en þær útvarpsumræður, sem hér tíðkast. Notuðu þátttakendur ýmis hjálpartæki til að gera mál sitt áhrifameira, t.d. teiknuð spjöld, línurit o.fl. slíkt.

Í Danmörku hefur sjónvarpið og leikið stórt hlutverk í kosningabaráttunni. Það, sem þó hefur háð kosningabaráttunni í danska sjónvarpinu, er hinn mikli fjöldi flokka (11 að tölu), sem buðu fram í kosningunum, en þeir verða allir að fá jafnlangan tíma í sjónvarpinu. Í Danmörku fóru því engar kappæður fram í sjónvarpinu, en hver flokkur fékk tvisvar sinnum til umráðs 1 klukkutíma, svo að samtals urðu sjónvarpssendingarnar 22 að tölu.

Fyrri útsending hvers flokks fór þannig fram að fulltrúar flokkanna svöruðu spurningum, sem kjósendur höfðu áður sent til sjónvarpsins.

Síðari útsending hvers flokks var á þá leið, að fyrstu 20 mínúturnar var stefna flokksins og starf kynnt með kvikmynd, sem áður hafði verið gerð. Síðan var spurningatími, þar sem fulltrúar annarra flokka fengu tækifæri til að varpa fram spurningum og leiðtogar þess flokks, sem tímann hafði, svöruðu. Síðustu 5 mínúturnar talaði síðan aðalleiðtogi flokksins.

Í Danmörku höfðu ennfremur farið fram æfingar, áður en útsendingarnar hófust, þar sem þátttakendur voru þjálfaðir til að koma fram í sjónvarpi.

Mér fannst mjög athyglisvert að fylgjast með þessum þætti kosningabaráttunnar og sjá hversu mikið flokkarnir leggja upp úr því, að sjónvarpsþættir þeirra fari vel úr hendi. Í því sambandi er ekki hikað við að setja hina æfðustu og reyndustu stjórnmálamenn á skólabeck til að kynna þeim sjónvarpstæknina og framkomu í sjónvarpi. Er enginn vafi á því, að þessu verður að huga vel að hér í framtíðinni.

#### IV. Fundir og samkomur.

Þar sem dvöl mín í Svíþjóð var mjög stutt, átti ég þess ekki kost að kynnast þessum þætti kosningabaráttunnar neitt að ráði. Mér var þó tjáð, að mjög væri orðið erfitt að

halda almenna kjósendafundi í Svíþjóð vegna tilkomu sjón-  
varpsins.

Í Danmörku er hinsvegar allmikið af fundarhöldum með  
nokkuð sérstöku sniði og verður þeirra getið hér á eftir.

Kjósendafundum í Danmörku má aðallega skipta í  
4 flokka.

- 1) Kappræðufundir 4 stærstu flokkanna.
- 2) Svonefndir bíófundir.
- 3) Sérstakir kjósendafundir flokkanna.
- 4) Óformlegir fundir með takmörkuðum hópi kjósenda.

#### Um 1. Kappræðufundir.

Kappræðufundir, þar sem frambjóðendur fjögurra  
stærstu flokkanna leiða saman hesta sína eru haldnir um allt  
landið. Fundirnir eru haldnir með sérstöku samkomulagi  
þessara flokka.

Fyrirkomulag þeirra er þannig, að fyrst halda full-  
trúar flokkanna stuttar ræður, síðan er orðið gefið laust og  
fundarmönnum gefst kostur á að varpa fram fyrirspurnum eða  
athugasemdum, en síðan tala fulltrúar flokkanna á ný.

Hér má einnig nefna sérstaka fundi, sem fulltrúar  
þessara fjögurra flokka héldu á stórum vinnustöðum. Þá sóttu  
þeir heim vinnustaði, þar sem mörg hundruð manns vinna á, og  
héldu fundi með svipuðu sniði og að ofan getur. Tilgangurinn  
með því að sækja kjósendur heim á eigin vinnustaði, er vafa-  
laust sá að auka áhuga almennings á stjórnmálum, sem er sam-  
eiginlegt áhugamál allra flokkanna.

#### Um 2. Bíófundir.

Þessi tegund funda var mjög iðkuð af íhaldsflokknum  
í Danmörku, sérstaklega í Kaupmannahöfn og í stærri borgum.  
Fyrirkomulag þeirr var þannig, að send veru út boðskort til  
kjósenda (farið var eftir kjörskrá) og þeim boðið til kvik-

myndasýningar á ákveðnum stað og tíma. Á boðskortinu er tilgreint hvaða kvikmynd verði sýnd og er þar yfirleitt um að ræða eldri myndir, sem notið hafa vinsælda áður fyrr. Á undan kvikmyndasýningunni heldur einhver frambjóðandi flokksins ca. 10 mínútur ræðu.

Þessar kvikmyndasýningar voru mjög vel sóttar og heppnuðust mjög vel að álitum þeirra, sem fyrir þeim stóðu. Reynsla fundarboðenda var sú, að ca. 10% þeirra, er fengu boðskort og aðgöngumiða, mættu til sýningarinnar. Á þennan hátt töldu dönsku íhaldsmennirnir sig ná til kjósenda, sem þeir ella hefðu ekki náð til. Heildartala þeirra, sem sýningar þessar sóttu í Kaupmannahöfn skipti tugþúsundum.

### Um 3. Sérstakir kjósendafundir flokkanna.

Þá efna flokkarnir sjálfir til sérstakra kjósendafunda, þar sem dagskrá skiptist nokkurnvegin að jöfnu milli stuttra ávarpa frambjóðenda og skemmtiatríða. Ég sótti t.d. einn slíkan fund kvöldið fyrir kosningar. Sá fundur var haldinn í húsakynnum íhaldsflokksins, en samtals komust þar fyrir 1500 manns á þremur hæðum. Það var lokafundur kosningabaráttunnar af hálfu íhaldsflokksins og var aðalræðumaður kvöldsins Paul Sørensen.

Mér virtist danskir frambjóðendur nota nokkuð aðra ræðutækni en tíðkast hér. Þeir fluttu allir ræður sínar blaðlaust og á góðlátlegum rabb-tón, en kröftugar hvatningar-ræður fannst mér vanta.

### Um 4. Óformlegir fundir.

Þá kem ég að því fundarformi, sem ég tel, að við getum helzt lært af. Það tíðkast mjög í mörgum kjördæmum að boðið er takmörkuðum hópi kjósenda til óformlegs fundar, þar sem saman eru komnir frambjóðendur og aðrir forystumenn flokksins. Boðið er upp á kaffi eða aðrar veitingar, fólkið

er boðið velkomið með stuttri ræðu, en síðan ganga forystumenn flokksins um meðal hinna boðnu fundarmanna og ræða við þá óformlega. E.t.v. er létt tónlist einhvern hluta kvöldsins. Fundir þessir voru taldir gefa mjög góða raun. Fundirnir voru ýmist boðaðir með boðskorti eða símleiðis. Á hverjum slíkum fundi voru 40 manns fólk úr öllum stéttum og sennilega fylgismenn allra flokka.

Í sumum kjördæmum voru slíkir fundir haldnir kvöld eftir kvöld. Þá boðuðu "Konservative unge" til slíkra funda einnig, þar sem sérstaklega var boðið ungu fólki.

Þetta fundarform fannst mér athyglisvert og mætti taka það til fyrirmyndar hér. Að vísu eru þeir eftirmiðdagsfundir, sem haldnir hafa verið í Sjálfstæðishúsinu með einstökum stéttum fyrir kosningar nokkuð byggðir á sömu hugmynd.

Í þessu sambandi má nefna, að síðustu 10 dagana fyrir kosningar efndi íhaldsflokkurinn til Kabarettssýninga í kvikmyndahúsi, sem liggur við "Strikið". Þar fóru fram skemmtiatriði, þar sem komið var að óbeinum áróðri, flutt var ein pólitísk ræða og útbýtt var við inngöngudyr merkjum, bæklingum og öðru áróðursefni. Kabarettinn stóð yfir í um það bil klukkutíma og var haldinn fjórum sinnum á dag. Aðgangur var ókeypis.

#### V. Skoðanakannanir.

Innan Sjálfstæðisflokksins hefur nokkrum sinnum verið rætt um skoðanakannanir og nauðsyn þess, að taka slíka starfsemi upp hér á landi. Ég vil því fara nokkrum orðum um þennan þátt kosningabaráttunnar í Danmörku og Svíðþjóð. Að sjálfsögðu hafði ég ekki aðstöðu til að kynna mér til neinnar hlítar áhrif né gildi skoðanakannana. Þessar athugasemdir mínar

verða því frekar yfirborðskenndar.

Mér virtist, sem skoðanakannanir léku nokkuð stórt hlutverk í kosningabaráttunni, a.m.k. á ytra borði. Má skipta þeim í tvo flokka.

Annarsvegar opinberar skoðanakannanir, þar sem úrslit eru birt jafnóðum í blöðum og á opinberum vettvangi. Þar er aðallega um að ræða ágizkanir um úrslit kosninganna, sem byggðar eru á skoðanakönnunum. Í Danmörku höfðu slíkar ágizkanir birzt mánaðarlega síðustu mánuði fyrir kosningar, og birtist síðast daginn fyrir kosningar. Til þessa flokks teljast enn fremur skoðanakannanir um afstöðu almennings til ákveðinna mála, og eru úrslit þeirra birt jafnóðum opinberlega.

Ekki töldu menn, að þessar skoðanakannanir hefðu áhrif á afstöðu kjósenda. Aðalgildi þeirra er vafala-ust hið almenrafréttagildi þeirra, Enn fremur kunna þær og að vera stjórn mála flokkunum nokkur leiðbeining um það, hvernig staða þeirra er á hverjum tíma og hver sé afstaða almennings til einstakra mála flokka.

Hinsvegar eru svo skoðanakannanir, sem einstakir aðilar geta keypt af stofnunum þeim, sem slíka starfsemi annast. Þetta nota stjórn mála flokkarnir sér nokkuð. Ýmist eru þá niðurstöður birtar þegar, og ef það þykir henta, eða þær eru læstar niðri og aldrei birtar. Slíkar skoðanakannanir geta verið mikilvægt hjálpartæki til að komast að raun um hug almennings í einstökum málum og ættu því að geta aðstoðað við mótun stefnu flokksins.

Ég varð vitni að því, hvernig ein slík skoðanakönnun var notuð. Í lokaumræðunum, sem fram fóru í sænska sjónvarpinu tveim dögum fyrir kosningar, voru í fyrsta sinn kunngerð úrslit í skoðanakönnun, er hægri flokkurinn hafði látið framkvæma um afstöðu kjósenda til þeirra tillagna, er hægri

flokkurinn hafði lagt fram um mótun ATP - sjóðanna, en á þessu máli byggði flokkurinn kosningabærráttu sína að miklu leyti. Úrslit þeirra könnunar voru mjög hagstæð fyrir hægri flokkinn og því voru þau birt í áróðursskyni í sjónvarps- kappæðunum og voru þau aðalbomba hægri flokksins í þessum kappæðum. Þetta er dæmi um það, hvernig einstakir flokkar geta látið framkvæma fyrir sig skoðanakannanir. Í þessu tilfelli voru úrslitin notuð í áróðursskyni, en oft eru úrslitin aldrei birt, heldur aðeins notuð sem hjálpartæki stjórnmála- foringjanna við mótun stefnu flokksins.

Var mér þó tjáð, að ekki væri rétt að treysta um of á áreiðanleik slíkra skoðanakannana.

#### VI. Starfsemi flokksfélaga.

Flokksfélögin greinast í þrjá hópa: Almenn kjósenda- félög, kvennafélög og félög ungra manna.

Ég kynnti mér nokkuð starfsemi KU (Konservtív Ungdom), sem er samband allra félaga ungra íhaldsmanna í Danmörku. Heimsótti ég skrifstofur þeirra og tók með mér ýmis gögn og mun ég gera stjórn Sambands ungra Sjálfstæðismanna sérstaka grein fyrir þeim þætti ferðarinnar.

Það sem ég vil hinsvegar vekja athygli á í þessari almennu skýrslu, er hið mikla og fjölbætta starf, sem hin almennu kjósendafélög inna af hendi, ekki aðeins þegar kosningar standa fyrir dyrum, heldur einnig endranær. Mjög stór liður í starfsemi þeirra er allskonar fundarhöld. Félögin gera mikið af því að bjóða ákveðnum hópum manna til hádegis- verðarfundu, þar sem einhver stjórnmálamað-ur flytur ræðu um efni, sem líklegt er til að vekja áhuga þess hóps, sem hverju sinni situr fundinn. Síðan er orðið gefið frjálst til spurninga og athugasemda. Þessir fundir eru líkir klúbbfundum Heimdallar, en á fundi þessu er boðið án tillits til þess, hvort viðkomandi



er stuðningsmaður íhaldsflokksins eða ekki.

Þá halda félögin mikið af ráðstefnum af ýmsum tegundum. Slíkar ráðstefnur geta staðið yfir allt frá 2 dögum niður í eina kvöldstund og fyrirkomulag þeirra er ýmskonar. Tilgangur þeirra er að fræða þátttakendur um ýmsa þætti þjóðmálanna og gefa þeim sjálfum kost á að taka þátt í umræðum, sem eru óformlega og gera ekki miklar kröfur til ræðuhæfni þátttakenda. Einn höfuðtilgangur þessa fundarforms er að hvetja þátttakendur til að tjá sig, varpa fram fyrirspurnum og gera athugasemdir.

Á þetta er dregið hér örfáum orðum, þar sem mjög er nauðsynlegt, að Sjálfstæðisfélögin, t.d. hér í Reykjavík taki upp annað fundarform en hér tíðkast. Heimdallur og félög ungra Sjálfstæðismanna hafa riðið á vaðið, en nauðsynlegt er, að Vörður, Hvöt og Óðinn taki einnig upp óformlegra og léttara fundarform. Ráðstefnuformið í einni eða annarri mynd ætti að henta vel hér.

#### VII. Lokaorð.

Eins og fram kemur í skýrslu þessari, hafa engar byltingar átt sér stað í kosningatækni í Danmörku og Svíþjóð, fyrir utan sjónvarpið. Frekar er um að ræða nánari útfærslu á hugmyndum, sem flestar hafa skotið upp kollinum hér. Athyglisverðast fannst mér þó, sem fyrr segir, sjónvarpið, svo og hin margvíslegu fundarform. Ennfremur sú áherzla, sem lögð er á sérstaka hópa og hvernig reynt er að ná til þeirra, bæði með útgáfustarfsemi og fundarhöldum.

Eins og fyrr greinir tók ég með mér allmikið af bæklingum, auglýsingaspjöldum og öðru efni, sem ég taldi, að hugsanlega gæti komið að gagni hér. Hef ég gert um bæklingana sérstaka skrá og númerað þá og sett inn í möppur, svo að aðgengilegt er fyrir þá, sem vilja kynna sér bæklingana sérstaklega.

Mér sýnist rétt, til að nýta betur þær hugmyndir, sem ég fékk í ferð þessari, en koma e.t.v. ekki nægilega greinilega

fram í skýrslu þessari, að ég setji fram ákveðnar tillögur síðar um einstaka þætti kosningabaráttunnar, sem síðan yrði tekin afstaða til hjá viðkomandi stofnunum flokksins. Hugsanlegt er, að við Ragnar Kjartansson setjum slíkar tillögur fram sameiginlega.

Ég vil að lokum ítreka það, að allar móttökur, bæði í Danmörku og Svíþjóð voru mjög ánægjulegar. Ferðin í heild var lærdómsrík og fróðleg og þakka ég þeim, sem að því stuðluðu, að ég tókst hana á hendur.

Reykjavík, 15. október 1964.

*Rígi Þ. Gunnarsson*